

FORNLEIFAKÖNNUN Í LANDI ÚLFARSÁR



Freyja Sadarangani, James Stuart Taylor, Oddgeir Hansson
og Magnús Á Sigurgeirsson.

Fornleifastofnun Íslands
FS289-05231
Reykjavík 2005

© *Fornleifastofnun Íslands*
Bárugötu 3
101 Reykjavík

Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is

Forsíðumyndin er af tóft 258-12. Horft til norðvesturs

EFNI

Inngangur	1
1. Lýsing á könnunarskurðunum og jarðlögum sem voru grafin upp.....	2
2 Niðurstöður.....	8
Viðauki 1. Gjóskulagagreining	9
Viðauki 2. Gripaskrá	11
Viðauki 3. Yfirlitsmynd	12

Inngangur

Reykjavíkurborg skipuleggur nú íbúðarbyggð í landi Úlfarsár í norðanverðum Úlfarsdal. Árbæjarsafn, nú Minjasafn Reykjavíkur, stóð fyrir fornleifaskráningu á Úlfarsá árið 2004,¹ vegna skipulagsins og kom í ljós að þrír minjastaðir eru á svæðinu sem talsverðar líkur væru á að lentu í hættu vegna framkvæmda. Þótti nauðsynlegt að gera forkönnun á þessum stöðum til þess að meta ástand, umfang og aldur minjanna. Fornleifastofnun Íslands vann verkið að beiðni Minjasafns Reykjavíkur dagana 10 maí og 31. ágúst 2005.

Um leifarnar

Fornleifarnar sem um ræðir eru gerði umhverfis tóft af sumarbústað (258-11); tóft af útihúsi (258-12) og garðlag (258-13). eru þessar leifar á tiltölulega litlu svæði, rétt vestan við veginn sem liggur að Úlfarsá

Gerði (258-11). Gerðið er í aflíðandi brekku rétt suðvestan við veginn að Úlfarsá um 100 m vestur af bænum. Ekki er alveg ljóst hvert hlutverk þessa gerðis hefur verið en þó er vitað að ræktunartilraunir voru stundaðar á Úlfarsá snemma á 20. öld og er mögulegt að gerðið sé minjar um þá starfsemi².

Tóft af úthúsi (258-12). Tóftin sem er úr torfi og grjóti, er á aflíðandi uppblásnum malarás, um 70 m vestan við veginn að Úlfarsá, um 200 m norðvestur frá bæ og um 70 m norður af 258-11. Ekki er vitað hvert hlutverk þessarar byggingar hefur verið.³

Garðlag 258-13. Garðlagið er rétt vestan við veginn að Úlfarsá, um 10 m austur frá útihúsatóft 258-12 og um 150-200 m norðvestur frá bæ. Í skráningarskýrslu frá 2004 segir:

“Leifar af grjótgardi sem sennilega hefur afmarkað gróðurreit á fyrrihluta þessarar [20.] aldar. Garðurinn hefur 3 hliðar sýnilegar...Langhliðin, sem liggur frá NNV-SSA er um 70 m löng. Efri skammhliðin er um 15 m löng og endar í hringlaga grjóthruðu. Sú neðri er um 30 m og endar við veginn. Leifar af girðingastaurum voru með um meters millibili í garðinum. Innan garðsins er sléttaður jarðvegur og grösugri en utan garðsins”⁴

Garðurinn virðist hafa sigið nokkuð síðan fornleifaskráningin var gerð, en þó má enn sjá marka fyrir honum auk þess sem greinilegur munur er enn á gróðri utan og innan hans.

Framkvæmd

Sex skurðir (1-6) voru vél- og handgrafnir í fornleifarnar. Öll lög voru skráð: teiknuð, mæld og lýst, með hefðbundnum aðferðum. Auk þess voru teknar ljósmyndir eins og tilefni gaf til. Svæðið var einnig mælt upp með alstöð. Gjóskulagafræðingur skoðaði snið og greindi gjóskulög.

¹ Sólborg Una Pálsdóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning í landi Úlfarsár. (Drög að skýrslu 07.04.2004)*

² Sama heimild, bls. 13

³ Sama heimild, bls. 13-14

⁴ Sama heimild, bls. 14



1. Lýsing á könnunarskurðunum og jarðlögum sem voru grafin upp

Könnunarskurður 1

Könnunarskurður 1 var 4 m langur og 1 m breiður og lá vestsuðvestur-austnorðaustur. Var hann grafinn í gegnum suðvesturvegg útihústöftar (258-12). Var byrjað á því að afhjúpa vegginn, þ.e taka af yfirborðslög, og var veggurinn því næst teiknaður í plani. Að þessu loknu var skurðurinn dýpkaður þvert í gegnum vegginn og norðaustursniðið teiknað.

Þau jarðlög sem sást í skurðinum eru eftirfarandi

Einingar (context)	Tegund	Lýsing á einingum í könnunarskurði 1
[17]	Veggur	Torfklumpar og hleðslugrjót. Rauðbrún mold með gráum linsum inn á milli. Veggurinn mikið frostsprunginn efst.
[18]	Jarðlag	Rauðbrún mold með einstaka viðarkolamolum.
[19]	Jarðlag	Rauðbrúnn mold.
[20]	Jarðlag	Dökkbrún og sendin mold. Mögulega yfirborðið sem veggur [17] var byggður á.
[21]	Jarðlag	Óhreyft, ljóst- rauðbrún mold.
[22]	Jarðlag	Ljós-rauðbrún mold með torfhruni.
[23]	Jarðlag	Torfhrun




Könnunarskurður 2

Könnunarskurður 2 var 4 m langur og 1 m breiður og lá vestsuðvestur-austnorðaastur. Hann var grafinn í gegnum garðlag (258-13). Þar sem garðlagið, sem er grjóthlaðið, var alveg útflatt og lá greinilega á óhreyfðum jarðvegi, var látið nægja að teikna skurðinn í fleti. Er mögulegt að garðlagið hafi verið undirstaða undir girðingu, en mjög greinilegan mun má sjá á gróðri austan og vestan við það.

Þau jarðlög sem sást í skurðinum eru eftirfarandi

Einingar (context)	Tegund	Lýsing á einingum í könnunarskurði 2
[24]	Jarðlag	Brún mold með einstaka viðarkolamolum
[25]	veggur	Reglulegt lag af fremur smáum steinum
[26]	Jarðlag	Brún mold með torfhruni.
[27]	Jarðlag	Brún mold.





Könnunarskurður 3

Könnunarskurður 3 var 5 m langur og 1 m breiður. Var hann grafinn í gegnum austurvegg gerðis sem er skammt norðaustur af norðausturhorni garðsins sem liggur umhverfis rústir sumarbústaðar (258-11). Er líklegt að hér sé um að ræða leifar kálgarðs, en ýmsar ræktunartilraunir voru stundaðar á Úlfarsá snemma á 20. öld.⁵ Var hafður sami háttur á og með skurð 1, skurðurinn var fyrst teiknaður í fleti og síðan dýpkaður og norðursnið teiknað.

⁵ Sólborg Una Pálsdóttir, Anna Lísu Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning í landi Úlfarsár. (Drög að skýrslu 07.04.2004)*

Þau jarðlög sem sáust í skurðinum eru eftirfarandi:

Einingar (context)	Tegund	Lýsing á einingum í könnunarskurði 1
[1]	Jarðlag	Yfirborðslag – Dökkbrún leirkennd mold.
[2]	Veggur	Torf, samset úr rauðbrúnni mold með gráum röndum. Veggurinn er illa frostsprunginn, einkum að ofanverðu.
[3]	Jarðlag	Óhreyfð rauðbrún mold.
[4]	Jarðlag	Skellótt og óhreyfð, grá sendin mold.
[5]	Jarðlag	Óhreyfð brún og aðeins leirkennd mold, með sendnum linsum og nokkrum köntuðum steinvölum





Könnunarskurður 4

Könnunarskurður 4 var 6 m langur og 1 m breiður, og lá norðaustur-suðvestur. Var hann grafinn í gegnum norðausturhlið gerðisins sem er umhverfis sumarbústað (258-11). Var gerður uppdráttur af skurðinum í fleti og austsuðaustursnið teiknað.

Þau jarðlög sem sáust í skurðinum eru eftirfarandi:

Einingar (context)	Tegund	Lýsing á einingum í könnunarskurði 4
[1]	Jarðlag	Yfirborðslag – Dökkbrún leirkennd mold.
[6]	Veggur	Mikið frostsprunginn torfveggur
[7]	Jarðlag	Óhreyfð rauðbrún mold.
[8]	Jarðlag	Óhreyfð gráleit, grófkorna sandlinsa blönduð með mold
[9]	Jarðlag	Óhreyfð brún og aðeins leirkennd mold, með sendnum linsum og nokkrum köntuðum steinvölum





Könnunarskurður 5

Könnunarskurður 5 var 4 m langur og 1 m breiður, og lá vestnorðvestur-austsuðaustur. Var hann grafinn í gegnum garðlag sem er sambyggt innanverðri vestnorðvesturhlið gerðisins umhverfis rústir sumarbústaðarins (258-11). Garðlagið liggur fyrst um 4 m í austsuðaustur en tekur vinkilbeygju eftir það til suðvesturs. Skurðurinn var teiknaður í fleti og norðaustursnið hans teiknað.

Þau jarðlög sem sást í skurðinum eru eftirfarandi:

Einingar (context)	Tegund	Lýsing á einingum í könnunarskurði 5
[1]	Jarðlag	Yfirborðslag – Dökkbrúnt leirkennd mold.
[10]	Veggur	Mikið frostsprunginn torfveggur.
[11]	Jarðlag	Óhreyfð blágrá, sendin mold.
[12]	Jarðlag	Óhreyfð rauðbrún sendin mold.





Könnunarskurður 6

Könnunarskurður 6 var 5,5 m á lengd og 1 m á breidd og lá í norðaustur-suðvestur. Var hann grafinn í gegnum suðvesturhlið gerðisins umhverfis rústir sumarbústaðarins (258-11). Var gerður uppdráttur af skurðinum í fleti og austsuðaustursnið hans teiknað.

Þau jarðlög sem sáust í skurðinum eru eftirfarandi:

Einingar (context)	Tegund	Lýsing á einingum í könnunarskurði 4
[1]	Jarðlag	Yfirborðslag – Dökkbrún leirkennd mold.
[13]	Veggur	Illa frostsprunginn torfveggur.
[14]	Jarðlag	Óhreyfð grábrún sendin mold.
[15]	Jarðlag	Óhreyfð rauðbrún sendin mold.
[16]	Jarðlag	Óhreyfð rauðbrún sendin mold. Inniheldur líka nokkuð af köntuðum steinum



2 Niðurstöður

Gerð þeirra mannvirkja sem grafið var í bendir sterklega til þess að þau séu frá 20. öld. Auk þess benda þeir gripir sem fundust við rannsóknina og gjóskulagagreining í sömu átt. Mannvirkin eru þó öll úr torfi og/eða grjóti sem þýðir því að þau hafa gildi sem minjar um gamalt verklag þótt ungar séu. Vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda á svæðinu eru líkur á því að fjarlægja verði þessi mannvirki. Fornleifavernd ríkisins ber að ákvarða með hvaða skilyrðum það verður gert.

Viðauki 1. Gjóskulagagreining

Fornleifar við Úlfarsá í Reykjavík

Gjóskulagagreining

Magnús Á. Sigurgeirsson, jarðfræðingur

Fjallalind 123, 201 Kópavogur

Netföng: masig@mmedia.is/ms@gr.is

Inngangur

Greinargerðin byggir á vettvangskönnun þann 21. október 2005. Skoðuð voru snið í sex skurðum á svæðinu. Við greiningu gjóskulaganna er stuðst við fyrri rannsóknir (s.s. Guðrún Larsen 1984, Hafliði Hafliðason et al. 1992, Karl Grönvold et al. 1995, Magnús Á. Sigurgeirsson 1995, Zielinski et al. 1995).

Helstu gjóskulög sem búast má við að finna við Úlfarsá og nágrenni eru:

1. Katla-1721 (finnst sjaldan)
2. Katla~1500
3. Miðaldalagið frá því um 1226
4. Eldgjárgjóska (E-1), frá 930-940 (úr eldstöðvakerfi Kötlu)
5. Katla-R, frá því um 920
6. Landnámslag (LNL) frá því um 870

ATHUGANIR

Skurður-1 (~1x6 m)/tóft

Snið í tóftarvegg. Veggir standa allvel, eru allt að 0,5 m háir. Torf og grjót er í veggjum. Engin gjóska er sjáanleg með vissu í torfi eða í jarðvegi undir veggnum. Jarðvegsþekja er þunn við tóftina, < 0,5 m, og gjóskulög illa varðveitt. Land er mjög blásið á þessu svæði.

Skurður-2 (~0,8x4 m)/steinlögn

Snið á steinlögn. Nánast enginn jarðvegur er ofan á steinunum. Þegar grafið var niður með steinlögninni sitt hvoru megin kom í ljós að gjóskulagið K-1500 er þar 6-8 sm undir steinunum.

Skurður-3 (~1x5 m)/mannvirki ?

Engin skýr merki eru um mannaverk, torfhleðslu eða gröft, í sniðunum. Gjóskulagið K-1500 er þó tvöfalt í vesturenda skurðar. Ekki er víst að um torf sé að ræða heldur einhvers konar rask. Talsvert af timbri og bárujárnri er við skurðinn, sem greinilega eru leifar byggingar.

Skurður-4 (~1x5 m)/gerði

Um er að ræða skýran garð sem tilheyrir norðurhluta gerðis sem þarna er. Ekki er greinilegt torf í sniðinu. Jarðvegur undir garðinum er malarborinn. Ýmsir gripir eru í garðsveggjum

innanverðum, aðallega bein og plastbrot. Þegar sniðið var skafið með skeið hrundu gripir úr sniðinu, meðal annars tífyringur sem við nánari skoðun reyndist vera frá árinu 1957. Engin gjóskulög voru sjáanleg.

Skurður-5 (~1x4 m)/gerði

Snið í garð sem tilheyrir hólfi í gerðinu. Grjóthleðsla er vestan megin í veggnum, eitt til tvö umför. Torf er ógreinilegt í sniðinu. Gripir eru í veggnum, s.s. plast, postulín og bein. Engin gjóskulög eru sjáanleg aðeins ein slitra úr svörtu lagi, sennilega K-1500.

Skurður-6 (~1x6 m)/gerði

Snið í garðsvegg í suðurenda gerðis. Grjót er efst í garðinum, eitt til tvö umför. Torf er ógreinilegt. Járnrör (vatnsleiðsla ?) er efst í garðinum. Engin gjóskulög voru sjáanleg.

NIÐURSTAÐA

Um aldur tóftarinnar er lítið hægt að segja, engin gjóskulög fundust í veggjum eða undir þeim. Ljóst er þó að byggingin er ung, þar sem veggir standa allvel. Allt bendir til að aldur gerðisins sé einnig lágur, að öllum líkindum er það frá 20. öld. Til þess bendir ruslið sem er í veggjum þess. Ekki verður annað séð en að ruslið hafi lent í þeim þegar þeir voru byggðir, líklega í fyllingarefni. Tífyringurinn frá 1957 sem datt úr sniðinu bendir til að átt hafi verið við vegginn, t.d. vegna endurbóta, eða hann jafnvel byggður eftir þann tíma. Steinlögnin norðan tóftarinnar er frá því löngu eftir 1500, líklega frá 20. öld.

Engin gjóskulög frá 20. öld hafa fundist á þessu svæði þannig að gjóskulög gagnast lítið við aldursgreiningu þeirra minja sem hér eru til umfjöllunar.

HELSTU HEIMILDIR

- Guðrún Larsen 1984: Recent volcanic history of the Veidivötn fissure swarm, Southern Iceland – an approach to volcanic risk assessment. *J Volcanol. Geotherm. Res.* 22: 33-58.
- Hafliði Hafliðason, Guðrún Larsen and Gunnar Ólafsson 1992: The sedimentation history of Thingvallavatn. *Oikos* 64: 80-95.
- Karl Grönvold, Niels Óskarsson, Sigfús J. Johnsen, Henrik B. Clausen, Claus U. Hammer, Gerard Bond, Edouard Bard 1995: Express Letters. Ash layers from Iceland in the Greenland GRIP ice core correlated with oceanic and land sediments. *Earth and Planetary Science Letters* 135: 149-155.
- Magnús Á. Sigurgeirsson 1995: Miðaldalagið. Í: *Eyjar í eldhafi* (afmælisrit helgað Jóni Jónssyni jarðfræðingi). Gott mál hf., s. 189-198.
- Zielinski G.A., Germani M.S, Larsen G., Baillie M.G.L., Whitlow S., Twickler M.S. and Taylor K. 1995: Evidence of the Eldgjá (Iceland) eruption in the GISP2 Greenland ice core: Relationship to eruption processes and climatic conditions in the tenth century. *The Holocene* 5: 129-140.

Viðauki 2. Gripaskrá

Fundar nr.	Hlutverk	Efni	Þyngd	Magn	Dagsetning	Skrásetjari	Umsögn	Staðsetning
1	leikfang	plast	69g	1	20-des-05	OH	Leikfangabíll	Skurður 5
2	óþekkt	járn	32g	3	20-des-05	OH		Skurður 5
3	óþekkt	kol	23g	1	20-des-05	OH	sella úr rafgeymi	Skurður 5
4	ílát	keramik	69 g	1	20-des-05	OH	brot af disk	Skurður 5
5	ílát	keramik	17g	1	20-des-05	OH	brot af boll	Skurður 5
6	skósóli	gúmmí	98g	1	20-des-05	OH		Skurður 5
7		bein	63g	8	20-des-05	OH	dýrabein	Skurður 5
8	rúða	gler	38g	1	20-des-05	OH		Skurður 5
9	ílát	gler	5g	1	20-des-05	OH	líklega flöskubrot	Skurður 5
10	ílát	plast	24g	1	20-des-05	OH	Eggjabíkar	Skurður 5
11	ljósakúpull	gler	97g	1	20-des-05	OH		Skurður 5
12	ílát	gler	93g	1	20-des-05	OH	Í flöskunni var vökvi sem lyktaði sterkt af minntu	Skurður 4
13		bein	41g	3	20-des-05	OH	dýrabein	Skurður 4
14	ílát	keramik	37g	2	20-des-05	OH		Skurður 4
15	lok	plast	7g	1	20-des-05	OH	Virðirst vera lok af krukku	Skurður 4
16	mynt						Tíeyringur frá 1957	Skurður 4

Viðauki 3. Yfirlitsmynd

